


Rannsóknir á seiðastofnum í Þorvaldsdalsá árið 2007

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson

Skagafirði 2008

VMST/08037



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími: 580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is

Inngangur

Þorvaldsdalsá rennur tæpa 12 kílómetra leið frá manngerðu lóni til sjávar við vestanverðan Eyjafjörð. Ófiskgengur foss, Þorvaldsdalsárfoss, er í Þorvaldsdalsá um 2,5 kílómetra frá sjó og klippir því á stærstan hluta mögulegra búsvæða sjóbleikju í ánni, eða þá 9,4 kílómetra sem fyrir ofan hann eru (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2008). Hugmyndir hafa verið uppi um að gera fiskgengt framhjá fossinum til að stækka útbreiðslusvæði fyrir sjóbleikju á vatnasvæðinu. Þorvaldsdalsá er dragá sem verður til úr nokkrum minni ám sem eiga upptök sín á Tröllaskaga, þessar ár sameinast og renna í lónið og er vatnasvið árinna í heild um 118 ferkílómetrar (Sigurjón Rist, 1990). Dragár eiga flestar upptök sín í lítið grónu fjallendi og renna um dali, efst eru árnar oft ansi brattar en verða lygnari er neðar dregur. Lífsskilyrði eru gjarnan óhagstæð, lítið rek, lágt og breytilegt hitastig og mikill straumhraði. Miklar rennissveiflur eru í dragám og getur það valdið því að botn þeirra sé fremur óstöðugt búsvæði. Í leysingum á vorin eykst rennsli dragáa oft gífurlega en á þurrkatímum og við langvarandi frost á veturnum geta þær orðið mjög vatnslitlar (Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason, 1998). Smádýralíf er oft fábreytt í dragám og bleikja ríkjandi fisktegund (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996).

Í ferskvatni á Íslandi finnast þrjár náttúrlegar laxfiskategundir, lax (*Salmo salar*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og urriði (*Salmo trutta*). Þessar tegundir eru misdreifðar um landið og eru það skilyrði í ánum sem ráða dreifingu þeirra að talsverðu leyti. Margir þættir hafa áhrif á búsvæðaval, vöxt og þéttleika laxfiskaseiða í ám svo sem botngerð, hitastig, straumur, dýpi, leiðni, fæða, samkeppni milli tegunda, afrán o.fl. Þessir þættir hafa mismikil áhrif milli áa og skiptir samspilið milli þeirra oft miklu máli. Bleikja getur almennt lifað í kaldari og næringarminni ám en bæði urriði og lax, auk þess sem hún getur hrygnt í minna vatnsrennsli en hinar tegundirnar (Elín R. Guðnadóttir, 2002). Sjóbleikja hrygnir í ám og vötnum seint á haustin og er hrygningarsvæðið aðallega á grófum sand- og malarbotni á frekar lygnum svæðum í ánum og seiðin klekjast vorið eða sumarið eftir hrygningu. Bleikjuseiði finnast frekar á lygnari og grynri svæðum í ám

samanborið við urriða- og laxaseiði, þau halda sig mest á svæðum þar sem möl og smágrýti er á botni (Johnson, 1980, Þórólfur Antonsson, 2000). Bleikjuseiði eru í nokkur ár í ferskvatni áður en þau ganga til sjávar í fyrsta sinn en þessi tími er mismunandi milli vatnakerfa og einstaklinga innan vatnakerfa. Oftast eru seiðin 4-5 ára er þau ganga fyrst til sjávar en geta þó verið á aldrinum 1-9 ára (Johnson, 1980, Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson, 2005). Sjóbleikjan er í ferskvatni á veturnar en gengur til sjávar á vorin. Hún er í ætisgöngum á strandsvæðum í um tvo mánuði en snýr aftur úr þeim síðari hluta sumars eða snemma á haustin og gengur þá upp í ferskvatn, þó ekki endilega þá á sem hún ólst upp í. Ef ísalt vatn er við ósa árinna getur bleikjan dvalið þar mun lengur (Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson, 2005). Bleikjan fer í ætisgöngur í tvö til þrjú sumur áður en hún nær kynþroska en þegar kynþroska er náð fer bleikjan aftur í sína heimaá til hrygningar (Johnson, 1980, Ingi Rúnar Jónsson, 1994).

Rannsóknir á seiðastofnum Þorvaldsdalsár fóru fram með rafveiðum haustið 2007. Áður höfðu fiskistofnar árinna verið skoðaðir árið 1983 (Sigurður Guðjónsson, 1983). Búsvæðamat var einnig framkvæmt í ánni árið 2007 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2008).

Aðferðir

Markmið rannsókna sem fram fóru haustið 2008 var að afla gagna um styrkleika seiðaárganga svo og útbreiðslu þeirra í vatnakerfinu og vöxt. Þessar upplýsingar eru forsenda fyrir mati á stöðu fiskistofnanna í vatnakerfinu, sem síðan er grundvöllur ákvarðana um umgengni, endurbætur og nýtingu þeirra hlunninda sem vatnakerfið býður upp á.

Rafveitt var á sex stöðum í Þorvaldsdalsá og var stærð rafveiðistaðanna á bilinu 80 – 605 m² en veitt var minna svæði þar sem þéttleiki seiða var mjög mikill eða aðstæður í ánni buðu ekki upp á stærra veiðisvæði. Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð.

Þéttleiki seiða á hverja 100 m² var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðistaðs. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðapéttleika en ekki heildarþéttleika: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ (tölur 1-2).

Meðallengd og meðalþyngd allra árganga bleikjuseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum á hverjum rafveiðistað (tölur 3-5). Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$. Aðeins veiddist eitt laxaseiði og verður greint frá stærð þess og ástandi í texta.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa- og bleikjuseiða á hverjum stað fyrir sig. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100 m^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 m^2$ (tölur 6-7).

Niðurstöður rafveiða

Ófiskgengi hlutinn

Efstu tvær stöðvarnar sem veiddar voru í Þorvaldsdalsá eru ofan við ófiskgengan foss, Þorvaldsdalsárfoss. Á efsta rafveiðistaðnum (stöð 1, mynd 1) veiddust þrjú árgangar bleikjuseiða, eins-, tveggja- og þriggja ára og reyndust tveggja ára seiðin vera í nokkuð miklum þéttleika, en minna var af hinum árgöngunum (tafla 1, mynd 2a).

Næst efsti rafveiðistaðurinn (stöð 2, mynd 1) er skammt ofan við brú á Þjóðveginum, rétt ofan við fossinn. Þar veiddust vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði en þéttleiki þeirra var ekki mjög mikill, meira var þó af vorgömlu seiðunum en þeim tveggja ára (tafla 1, mynd 2a).

Fiskgengi hlutinn

Efsti rafveiðistaðurinn á fiskgenga hluta árinna (stöð 3, mynd 1), er rétt neðan við gömlu brúna yfir ána. Fjórir árgangar af bleikjuseiðum veiddust, vorgömul til fjögurra ára að

undanskildum þriggja ára seiðum. Allir aldurshóparnir voru í litlum þéttleika (tafla 1, mynd 2a).

Næsti rafveiðistaður er nokkru neðar, við hólma í ánni (stöð 4, mynd 1). Nokkur þéttleiki var þar af vorgömlum bleikjuseiðum sem og eins árs seiðum auk þess sem vart varð við tveggja- og þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Á þessum rafveiðistað veiddist eina laxaseiði í rannsókninni (tafla 2, mynd 3), það reyndist vera vorgamalt, 3,0cm að lengd og 0,3g að þyngd, ástandsstuðull þess var 1,11.

Neðsta stöðin í Þorvaldsdalsá er rétt ofan við ósinn (stöð 5a, mynd 1). Tveir árgangar bleikjuseiða veiddust þar, vorgömul seiði töluverðum þéttleika en nokkru minna fannst af árgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2b).

Einnig var rafveitt í kílum tengdum ánni rétt ofan við ósinn (stöð 5b, mynd 1). Þar reyndist þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða vera mjög mikill og einnig voru eins árs seiði í miklum þéttleika (tafla 1, mynd 2b). Ekki varð vart við eldri bleikjuseiði þar en töluvert veiddist af hornsílum.

Bleikjuseiðin sem veiddust í Þorvaldsdalsá voru í meðallagi stór og ástand þeirra var mjög gott (töflur 3-5). Viðmiðunargildi ástandsstuðla fyrir bleikjuseiði er um 0,9 og náðu langflest seiðin því gildi og allmörg voru með stuðul yfir 1. Stærð seiðanna var nokkuð mismunandi eftir stöðum en fjöldi þeirra var þó ekki það mikill á hverjum stað að mikið sé hægt að álykta um það. Lífþyngd bleikjuseiðanna var langmest á stöð 5b þar sem mest lífþyngd bæði vorgamalla og eins árs seiða var (tafla 6). Lífþyngd tveggja- og þriggja ára seiða var mest á stöð 1 og stöð 3 var eina stöðin þar sem fjögurra ára seiði fundust (tafla 6). Minnst var lífþyngd bleikjuseiða á stöðvum 2 og 5a (tafla 6) þar sem tiltölulega lítið var af seiðum og flest af yngri árgöngum (tafla 1), í lífþyngdarútreikningum vega stærri seiði mun meira en þau minni.

Umræður

Í Þorvaldsdalsá er bleikja ríkjandi fisktegund eins og í öðrum ám á Eyjafjarðarsvæðinu en leiðni í mörgum þeirra er tiltölulega lág, um eða undir 30 $\mu\text{S}/\text{cm}$ (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2008; Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson, 1993; Eik Elfarsdóttir og Friðbjófur Árnason, 2002). Í Þorvaldsdalsá veiddist aðeins eitt laxaseiði í rannsókninni 2007 en af og til veiddast þar laxar á stöng. Bleikja er almennt ráðandi í ám þar sem leiðni er lág, undir 50 $\mu\text{S}/\text{cm}$, en bæði urriði og lax þurfa hærri leiðni til að þrífast vel sem og hærri vatnshita en bleikjan (Elín R. Guðnadóttir, 2002; Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996). Mæling á rafleiðni árvatns er einföld og fljótleg leið til að meta magn uppleystra næringarefna en sýnt hefur verið fram á að því sem næst línulegt samband er milli rafleiðni og magns uppleystra efna í árvatni (Sigurður Guðjónsson, 1990).

Uppeldissvæði fyrir seiði sjóbleikju í Þorvaldsdalsá eru af skornum skammti þar sem ófiskgengur foss er tiltölulega neðarlega í ánni. Þau svæði sem opin eru henta þó vel til uppeldis bleikjuseiða (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2008) og eru sæmilega nýtt af þeim. Vorgömul og eins árs bleikjuseiði fundust á öllum rannsóknarstöðvunum á fiskgenga hlutanum og voru þau í nokkrum þéttleika. Minna reyndist vera þar af eldri árgöngum og þá sér í lagi á neðsta kaflanum. Eitthvað er af staðbundinni bleikju á fiskgenga hlutanum, að minnsta kosti kynþroska smáhængum sem ekki ganga til sjávar, en einn slíkur fannst á stöð 2, fjögurra ára gamall. Frjósemi áa, hitastig og fleiri umhverfisþættir skipta máli fyrir aldur sjógönguseiða, þar sem frjósemi er meiri og aðstæður betri fara seiðin fyrr til sjávar. Dæmi eru um að eins árs seiði gangi til sjávar eins og í Vesturdalsá í Vopnafirði en þar skipta líka aðstæður við ósinn töluverðu máli, þar er sjávarlón og því stigull í seltu, seiðin geta þar valið sér seltustig sem þau ráða við og geta fyrr farið að nýta sér þá fæðu sem er til staðar á ósasvæðinu (Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson, 2005). Meirihluti bleikjunnar í Þorvaldsdalsá virðast ganga til sjávar í fyrsta sinn vorið sem hún verður þriggja ára og hluti ekki fyrr en fjögurra ára, hugsanlega fer einnig eitthvað af seiðum fyrr af neðsta kaflanum, jafnvel tveggja ára.

Fyrir ofan fossinn fannst töluvert af seiðum staðbundinnar bleikju, veitt var þar á tveimur stöðum, rétt ofan foss og nokkru neðan Hrafnagils. Á efri staðnum var töluvert um

botngróður og var þéttleiki seiða þar sá mesti í ánni ef frá eru taldir kílarir við ósasvæðið. Seiðin á ófiskgenga hlutanum virðast dafna mjög vel, ekki síður en í neðri hluta árinna. Samkvæmt búsvæðamati sem einnig fór fram í ánni haustið 2007 er botngerð þar einnig mjög hentug bleikjuseiðum. Ætti sjóbleikja því að geta numið land á svæðinu fyrir ofan foss og dafnað þar vel væri fossinn gerður fiskgengur eins og hugmyndir eru uppi um.

Bleikjustofnar hafa verið í lægð á landinu undanfarin ár og ekki síst á norðurlandi. Þar sem takmarkaðar niðurstöður rannsókna eru til um Þorvaldsdalsá og veiðitölur hafa ekki borist Veiðimálastofnun er erfitt að segja til um hvort hún hafi fylgt þeirri sveiflu. Seiði voru vel dreifð um ána og þá sér í lagi yngri árgangarnir, þéttleiki þeirra var þokkalegur en áin ætti þó að geta borið töluvert meira af seiðum en fram kom í rannsóknaveiðunum. Hvort sem fossinn verður opnaður fyrir göngu sjóbleikju eða ekki er mikilvægt að tryggja góða umgengni um ána og lífríki hennar til að styrkja stöðu bleikjustofnanna og vernda þá. Fylgjast þarf vel með hugsanlegum áhrifum allra framkvæmda og breytinga á svæðinu og stuðla að skynsamlegri veiðinýtingu. Einnig er nauðsynlegt að skráning veiði í ánni sé nákvæm og upplýsingum þar um skilað til Veiðimálastofnunnar. Með góðri veiðiskráningu er hægt að fylgjast betur með stofnum árinna og þeim sveiflum sem á þeim verða og jafnvel grípa inni ef illa horfir. Rétt skráning á afla undirstrikar einnig gildi áa sem veiðiár og gera þær eftirsóttari, en veiðitölur eru að hluta til verðmiði á veiðiár.

Byrjað var að merkja bleikju í Þorvaldsdalsá sumarið 2008 eins og fleiri ám á Eyjafjarðarsvæðinu. Því verður áfram haldið sumarið 2009 af enn meiri krafti. Niðurstöður þeirra rannsókna ættu að skila mikilvægri viðbótar þekkingu á lífsháttum sjóbleikjunnar, stofnstærð og veiðiálagi. Ljóst virðist að ef fiskgengt yrði gert framhjá Þorvaldsdalsárfossi myndu sjóbleikjustofnar árinna stækka umtalsvert og þar af leiðandi veiðistofn árinna. Svæðið sem opnaðist er víðfemt og víða eru ákjósanleg búsvæði fyrir bleikju.

Heimildaskrá

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2008. Mat á uppeldisskilyrðum fyrir bleikjuseiði á fiskgengum og ófiskgengum svæðum í Þorvaldsdalsá. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST/08036.

Eik Elfarsdóttir og Friðþjófur Árnason, 2002. Rannsóknir á seiðastofnum og veiði í Eyjafjarðará. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/0201.

Elín Ragnheiður Guðnadóttir 2002. Áhrif umhverfisþátta á útbreiðslu ferskvatnsfisktegunda í Héraðsvötnum og hliðarám þeirra. Fimm eininga rannsóknaverkefni, maí 2002. Háskóli Íslands, Líffræðiskor.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996. Fiskar í ám og vötnum. 4. kafli, Líffræði og vistfræði ferskvatnsfiska. Landvernd. 191 bls.

Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason, 1998. Áhrif landrænna þátta á líf í straumvötnum. *Náttúrufræðingurinn* 68 (2): 97-112.

Ingi Rúnar Jónsson, 1994. The life-history of the anadromous Arctic char, *Salvelinus alpinus* (L.), in River Vesturdalsá and Lagoon Nypslon NE-Iceland. A Cand. Scient. Thesis, University of Bergen.

Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson, 2005. Emigration of age-1 Arctic charr, *Salvelinus alpinus*, into a brackish lagoon. *Environmental Biology of Fishes* 74:195-200.

Johnson, L., 1980. The arctic charr, *Salvelinus alpinus*. Í E.K. Balon (ritstjóri) Charrs, salmonid fishes of the genus *Salvelinus*. Dr. W. Junk Publishers, The Hague. Bls 15-98.

Kort Landmælinga Íslands, mælikvarði 1:50000.

Sigurður Guðjónsson, 1983. Athugun á Þorvaldsdalsá. Fjölrit Veiðimálastofnunar.


Sigurður Guðjónsson, 1990. Classification of Icelandic watersheds and rivers to explain life history strategies of Atlantic salmon. Ph.D. Thesis, Oregon State University. 136 bls.

Sigurður Guðjónsson og Guðni Guðbergsson, 1996. Vistgerð íslenskra áa og vatna, útbreiðsla og stofngerðir fiska. *Freyr*, 11. tbl., 92. árg. Bls. 444-450.


Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson, 1993. Rannsóknir á sjóbleikju í Svarfaðardalsá. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93022.

Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 248 bls.


Þórólfur Antonsson 2000. Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0014.




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Þorvaldsdalsá.



Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Þorvaldsdalsá 2007.



Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Þorvaldsdalsá 2007.



Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veidra laxaseiða í Þorvaldsdalsá haustið 2007.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Þorvaldsdalsá í september 2007.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Stöð 1	584		1,20	3,77	1,54	
Stöð 2	224	1,34		0,45		
Stöð 3	605	0,66	0,17	0,50		0,17
Stöð 4	576	2,26	0,87	0,17	0,17	
Stöð 5a	420	2,62	0,71			
Stöð 5b	80	46,25	18,75			

Tafla 2: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Þorvaldsdalsá í september 2007.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Stöð 1	584				
Stöð 2	224				
Stöð 3	605				
Stöð 4	576	0,17			
Stöð 5a	420				
Stöð 5b	80				

Tafla 3: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Þorvaldsdalsá í rafveiðum 2007

Stöð nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Stöð 1				7,21	0,72	7	10,20	0,98	22	12,82	0,70	9			
Stöð 2	5,30	0,44	3				10,50		1						
Stöð 3	3,90	0,22	4	8,90		1	11,17	0,70	3				17,50		1
Stöð 4	4,72	0,40	13	8,26	0,57	5	9,50		1	13,80		1			
Stöð 5a	4,54	0,41	11	8,83	0,55	3									
Stöð 5b	4,64	0,43	37	8,31	0,61	15									
Samtals	4,63	0,47	68	8,13	0,79	31	10,30	0,96	27	12,92	0,73	10	17,50		1

Tafla 4: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Þorvaldsdalsá í rafveiðum 2007

Stöð nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Stöð 1				3,60	0,92	7	10,26	2,83	22	20,71	2,97	9			
Stöð 2	1,43	0,40	3				12,10		1						
Stöð 3	0,55	0,10	4	6,70		1	14,47	3,26	3				55,70		1
Stöð 4	1,01	0,20	13	5,96	1,08	5	10,40		1	26,20		1			
Stöð 5a	0,86	0,24	11	6,63	1,70	3									
Stöð 5b	1,01	0,30	36	5,41	1,27	15									
Samtals	0,97	0,30	67	5,25	1,50	31	10,80	3,03	27	21,26	3,30	10	55,70		1

Tafla 5: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Þorvaldsdalsá í rafveiðum 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Stöð nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Stöð 1				0,94	0,07	7	0,95	0,08	22	0,98	0,07	9			
Stöð 2	0,95	0,04	3				1,05		1						
Stöð 3	0,92	0,07	4	0,95		1	1,03	0,16	3				1,04		1
Stöð 4	0,95	0,08	13	1,05	0,11	5	1,21		1	1,00		1			
Stöð 5a	0,90	0,04	11	0,95	0,10	3									
Stöð 5b	0,97	0,10	36	0,93	0,04	15									
Samtals	0,95	0,09	67	0,95	0,08	31	0,97	0,10	27	0,98	0,07	10	1,04		1

Tafla 6: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2007.
Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Stöð nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Stöð 1		4,3	38,7	31,9		74,9
Stöð 2	1,9		5,4			7,3
Stöð 3	0,4	1,1	7,2	0,0	9,2	17,9
Stöð 4	2,3	5,2	1,8	4,5		13,8
Stöð 5a	2,3	4,7				7,0
Stöð 5b	46,5	101,5				148,0

Tafla 7: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2007.
Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Stöð nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Stöð 1						0,0
Stöð 2						0,0
Stöð 3						0,0
Stöð 4	0,1					0,1
Stöð 5a						0,0
Stöð 5b						0,0